

# KYNNING Á FRAMBJÓÐENDUM Í TILLÖGU KJÖRNEFNDAR RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI Á AÐALFUNDI 4. MAÍ 2024

## VARAFORMAÐUR

Sigríður Stefánsdóttir (290749-5819)



Sigríður er varaformaður Rauða krossins á Íslandi frá árinu 2022 og er nú til endurkjörs. Hún býr á Akureyri. Sigríður er með BA-próf í almennum þjóðfélagsfræðum frá HÍ og framhaldsnám frá Þýskalandi í stjórnmálafræði. Hún hefur einnig lokið kennsluréttindanámi. Sigríður kenndi félagsfræði og stjórnmálafræði við Menntaskólann á Akureyri en auk þess sinnti hún stjórnunarstörfum hjá Akureyrarbæ á árunum 1998 til 2017. Sigríður bar þar meðal annars ábyrgð á alþjóðlegu starfi fyrir hönd bæjarins. Sigríður var bæjarfulltrúi og bæjarráðsmaður á Akureyri árin 1984-1998 og forseti bæjarstjórnar í 2 ár. Hún hefur setið í hinum ýmsu nefndum, ráðum og stjórnnum og verið virk í félagsstörfum. Sigríður hefur verið sjálfboðaliði í Eyjafjarðardeild frá árinu 2017 og í stjórn deildarinnar frá árinu 2021. Hún hefur meðal annars verið fulltrúi deildarstjórnar Rauða krossins í stjórn Velferðarsjóðs Eyjafjarðarsvæðis. Sigríður leiddi starf vinnuhóps um framtíðarskipulag Rauða krossins á Íslandi frá síðasta aðalfundi félagsins 2022.

## STJÓRNARMENN

Til fjögurra ára (í stafrófsröð):

### Arnbjörg Sveinsdóttir (180256-7099)



Arnbjörg býr á Seyðisfirði og er eigandi og rekstraraðili gistiheimilis þar í bæ. Hún er með MBA gráðu frá Háskóla Íslands frá árinu 2012. Arnbjörg sat í bæjarstjórn Seyðisfjarðar á árunum 1986-1998 og aftur á árunum 2010-2018. Hún var forseti bæjarstjórnar Seyðisfjarðar 1994-1996 og aftur 2010-2018. Þá var Arnbjörg kjörin á Alþingi sem þingmaður fyrir Austurland og síðar Norðausturkjördæmi árin 1995-2009 fyrir Sjálfstæðisflokkinn, hún var formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins árin 2005-2009. Arnbjörg hefur verið félagi í Rauða krossinum um langa hríð og verið virk í félagsstörfum í sínu bæjarfélagi og á Austurlandi.

### Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir (230695-2539)



Ingibjörg býr í Reykjavík. Hún er með B.A. próf í alþjóðfræðum frá Háskólanum í Leiden í Hollandi og lauk meistaragráðu í Evrópu- og Alþjóðfræðum frá Centre International de Formation Européenne í Frakklandi árið 2019. Síðan þá hefur Ingibjörg meðal annars starfað sem fjáröflunarfulltrúi hjá UNICEF á Íslandi og nú sem verkefnastjóri markaðsmála hjá Verna tryggingatæknifélagi. Kynni Ingibjargar af Rauða krossinum á Íslandi hófust árið 2019 þegar hún, ásamt hópi sjálfboðaliða, skipulögðu og innleiddu virkniverkefnið "Youth Club" fyrir ungt flóttafólk og innflytjendur. Síðan þá hefur hún tekið þátt í sjálfboðaliðaverkefnum sem tengjast flóttafólki á vegum félagsins, auk þess sem hún hefur setið hin ýmsu námskeið á vegum Rauða krossins á Íslandi.

### **Jón Ásgeirsson (190867-5879)**



Jón býr í Kópavogi. Hann er með BSc-hon gráðu í efnafræði frá Háskóla Íslands og meistargráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskólanum í Stuttgart. Jón starfar sem framkvæmdastjóri stefnumótunar og Auðlindagarðs hjá HS Orku. Hann hefur víðtæka og alþjóðlega stjórnunarreynslu og hefur sótt námskeið og fræðslu í stjórnarsetu sem og leiðtoga- og þjálfaranámi. Jón er formaður Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu auk þess að vera sjálfboðaliði í verkefnum tengdum flóttafólki og hjá Hjálparsímanum 1717.

### **Magnea Gná Jóhannsdóttir (030497-2959)**



Magnea Gná er frá Bolungarvík en býr í Reykjavík. Hún hefur lokið B.A. gráðu í lögfræði frá Háskóla Íslands og er í meistaranámi í lögfræði um þessar mundir við sama skóla. Árið 2017 lauk hún IB diplómu frá United World College Red Cross Nordic. Hún hefur sinnt ýmsum stjórnunar- og félagsstörfum fyrir sömu samtök í gegnum árin. Magnea Gná hefur verið virk í félagsstarfi í menntaskóla og háskóla, hún er nú formaður Ung Framsókn í Reykjavík. Í dag situr hún sem borgarfulltrúi fyrir Framsóknarflokkinn og sinnir þar embætti fyrsta varaforseta, varaformanns velferðarráðs og formanns fjölmeningarráðs.

## Óttarr Ólafur Proppé (071168-5659)



Óttarr er félagi í Rauða krossinum á Íslandi, hann býr í Reykjavík. Í gegnum tíðina hefur hann starfað við bókaútgáfu og sölu, og einnig sem tónlistarmaður og við þátta- og kvikmyndagerð. Óttarr sat sem kjörinn borgarfulltrúi í Reykjavík fyrir Besta flokkinn á árunum 2010-2013 og á Alþingi sem þingmaður fyrir Bjarta framtíð á árunum 2013-2017. Árið 2017 gegndi Óttarr embætti heilbrigðisráðherra. Hann hefur alltaf verið afar virkur í félagsstarfi og setið í hinum ýmsu ráðum, nefndum og stjórnnum í tengslum við störf sín, bæði innan stjórnmalanna og utan. Nú starfar Óttarr sem sérfræðingur í Mennta- og barnamálaráðuneytinu.

## Til tveggja ára:

### Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir (311078-5189)



Auðbjörg býr í Skaftárhreppi. Hún er hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir og sjúkraflutningamaður EMT-A. Hún hefur lokið diplóma í mannauðsstjórnun og einnig stundað meistaranám í heilbrigðisvísindum með áherslu á stjórnun innan heilbrigðisþjónustunnar. Auðbjörg Brynja hefur starfað sem hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir síðan 2007 og sem hjúkrunarstjóri við heilsugæslustöðina á Kirkjubæjarklaustri. Frá árinu 2015 hefur hún einnig starfað sem ljósmóðir í mæðravernd á Höfn í Hornafirði. Auðbjörg hefur verið í stjórn Rauða krossins á Kirkjubæjarklaustri frá árinu 2010 og var formaður árin 2017-2022. Hún er afar virk í nefndar- og stjórnarstörfum í sinni heimabyggð, t.a.m. sem stjórnarmaður í Velunnarasjóði Klausturhóla, Kvenfélaginu Hvöt og formaður í Rekstrarnefnd Klausturhóla og Styrktarsamtaka Heilsugæslustöðvarinnar á Kirkjubæjarklaustri o.fl. Árið 2019 var Auðbjörg Brynja sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag til heilbrigðis- og björgunarstarfa í heimabyggð.

## VARAMENN

### 1. varamaður

**Unnsteinn Ingason (160266-5979)**



Unnsteinn býr í Þingeyjarsveit og rekur þar ferðaþjónustu. Hann er með BS-próf í gæðastjórnun og diplómu í opinberri stjórnáslu, og einnig diplómu í hugrænni atferlismeðferð. Unnsteinn var í stjórn Rauða krossins í Þingeyjarsýslu árin 2007-2015 og formaður árin 2019-2020. Hann var aftur kjörin í deildarstjórnina í mars 2024. Frá árinu 2007 hefur Unnsteinn verið þátttakandi í skyndihjálparhópi Rauða krossins á Norðurlandi og í viðbragðshópi í sálrænni skyndihjálpi á sama svæði. Frá árinu 2011 hefur hann verið fulltrúi Rauða krossins í Þingeyjarsýslu í samráðshópi um áfallahjálpi í Þingeyjarsýslu og frá 2019 hefur hann verið fulltrúi Rauða krossins í aðgerðastjórn almannaþinga. Unnsteinn hefur verið virkur þátttakandi í félagsmálum í heimahéraði, hann hefur sótt fjölda námskeiða er tengjast ferðaþjónustu, viðskiptum og markaðssetningu og einnig fjölmörg námskeið er tengjast starfsemi Rauða krossins, s.s. skyndihjálpi, stjórnun aðgerða, skyndihjálparkennslu og sálrænni skyndihjálpi.

### 2. varamaður

**Árni Jóhannsson (260878-3959)**



Árni býr í Vík í Mýrdal. Hann stundaði nám við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands ásamt því að hafa sótt fjölda námskeiða og hljóta vottanir tengdum rekstri tölvukerfa. Í dag starfar Árni sem sérfræðingur í hýsingu og rekstri hjá OK (Opnum kerfum), en var þar á undan kerfisfræðingur hjá Ríkisútvarpinu um langt skeið. Árni er virkur í félagsstarfi í sinni heimabyggð. Hann er meðlimur í Lions klúbbnum Suðra, situr í stjórn Ungmennasambands Vestur-Skaftafellssýslu auk þess að vera slökkviliðsmaður í Slökkviliði Mýrdalshrepps. Árni hefur verið virkur í starfi Rauða krossins um langa hríð. Hann var stjórnarmaður í Rauða krossinum í Vík frá árinu 2017 og formaður deildarinnar frá árinu 2019. Á árunum 2020-2021 sat Árni í starfshópi um fjáröflun, tekjuskiptingu og rekstur Rauða krossins á Íslandi. Árni situr í undirbúningsnefnd verkefnasjóðs ásamt því að sitja í almannaþinganefnd Rangárvalla- og V. Skaftafellssýslu fyrir hönd Rauða krossins í Vík og í samráðshópi um áfallahjálpi á Suðurlandi.